

Fálkafell er í 370 m hæð

Fálkafell er gamall skátaskáli sem var byggður 1932, frá honum er flott útsýni yfir suðurbæinn og hesthúsahverfið. Ekið er eftir Súluvegi að bílastæði við hitaveituskúra skammt frá veginum. Síðan er gengið eftir malarvegi upp að Fálkafelli.

Nokkru áður en komið er að skálanum er reisuleg varða með koparskjöld til minningar um Tryggva Þorsteinsson skátaforingja. Gögnin í leiknum er svo að finna í kassa hjá gestabókinni.

Vegalengd alls 3 km. Hækkun 160 m.